

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hólmavíkurbreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hversrar viðbótar pokaeyningar kr. 3.000. Veita skal afslátt, kr. 3.000, hverju heimili sem gerir samning við sveitarfélagið um nýtingu á lífrænum úrgangi. Heimilt er og að veita afslátt, kr. 3.000, þeim heimilum öðrum þar sem sorp er að jafnaði minna en hálf pokaeyning (einn poki hálfsmánaðarlega).
- B. Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir sambærilegir lögaðilar.
Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	8.000	4	72.000
2	16.000	5	128.000
3	32.000	6	52.000

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald samkvæmt staflið B af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað, enda greiði aðilar fyrir eyðingu sorpsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.